

um eflingu iðnrekstrar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að leggja fyrir rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsókna í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrennalöndum Íslands. Áliti verði skilað sem allra fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.
2. Að hlutast til um, að stofnlán til iðnfyrirtækja verði aukin, einkum þó til þeirra fyrirtækja, sem vilja hefja eða auka iðnrekstur til framleiðslu á útflutningsvöru.
3. Að stuðla að því, að iðnfyrirtæki, sem komin eru á það stig að geta hafið útflutning samkeppnishæfan, fái þegar sérstaka fyrirgreiðslu um rekstrarlán í því skyni.

Greinargerð.

Íslendingar þurfa flestum þjóðum fleira að sækja til annarra landa af því, sem nútímamaður þarfnast. Til endurgjalds hefur þjóðin, eins og sakir standa, nær eingöngu sjávaraflla.

Öllum hugsandi mönnum er ljóst, að nauðsynlegt er að fjölga atvinnuvegunum og greinum þeirra. Finna leiðir til þess að framleiða meira og fleira, ekki aðeins til innanlandsþarfa, heldur einnig til útflutnings til öflunar erlends gjaldyris. Ör fjölgun þjóðarinnar rekur hart eftir í þessum efnum.

Hinir fornu atvinnuvegir okkar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa mikil vaxtarskilyrði, og einboðið er að efla þá. En með þeim verður ekki allur vandi leystur. Stóraukinn iðnaður verður líka að koma til sögunnar, ef vel á að ganga.

Löngum hefur verið um það rætt, að eðlilegast sé, að Íslendingar stundi framleiðslu iðnvöru úr innlendum hráefnum. Víst er það rétt, og á því sviði þarf að herða róðurinn kappsamlega. Ekki má þó einskorða sig við þetta, heldur taka fullt tillit til þess líka, hvað auðveldast og hagfelldast er til vinnslu og árvissastur grundvöllur fyrir, að því er öflun hráefnis liður og sölu framleiðslunnar.

Vitað er að mikill hluti af útflutningi sumra nágrennaþjóða okkar er iðnvörur, unnar úr innfluttum hráefnum þar. Ýmiss konar iðnaðar ætti að geta haft svipaða aðstöðu hér á landi og sams konar framleiðsla í nágrennalöndunum. Þess vegna er í 1. lið tillögunnar lögð sérstök áherzla á athugun þess, hver reynslan er þar. Flestra hráefna, sem eru innflutt til iðnaðar í nágrennalöndunum, virðist líklegt að Íslendingar geti aflað sér á svipuðu verði og nágrennarnir, eins og nú er komið flutningatækni.

Flutningsmenn tillögunnar telja heppilegast, að rannsóknaráði ríkisins sé falið að rannsaka þessi málefni í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands og skila opinberu áliti, er geti orðið almenningi og áhugamönnum til leiðbeiningar. Kemur við athugun þessa ekki sízt til greina vinnsla úr heimsmarkaðshráefnum, svo sem málmum, plasti, spunaefnum o. s. frv.

Til hliðsjónar er nauðsynlegt að hafa við rannsókn þessara málefna, hve mikil þörf þjóðinni er á auknum gjaldeyri og árvissu atvinnulífi.

Í 2. lið tillögunnar er skorað á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að iðnaðurinn fái aukið stofnfé til athafna sinna. Ef hann á að vaxa og taka að sér stærri hlutverk í efnahagslífi þjóðarinnar, verður þjóðfélagið og stjórn þess að taka fullt tillit til hans þannig.

Í 3. lið tillögunnar er sérstaklega vikið að því, að ætlazt sé til, að greitt skuli fyrir þeim fyrirtækjum, sem komin eru á það stig að geta flutt út vel unnar vörur, ef þau fengju rekstrarlán til þess að gera tilraunir með útflutninginn. Ýmsar vörur geta komið nú þegar til greina í því sambandi, svo sem gæruskinn, úlpur, gólfteppi, áklæði. Mjög er æskilegt, að iðnrekendur fái sem fyrst að reyna sig við framleiðslu útflutningsvöru og læra af reynslunni. Uppbygging iðnaðar og öflun markaða tekur venjulega langan tíma.